



Samgöngunefnd Alþingis  
Bt. Stefán Árni Auðólfsson  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Hornafirði, 29. apríl 2005

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.**

„Á fundi Bæjarráðs Hornafjarðar 28. apríl 2005 var ofangreint málefni á dagskrá og var eftirfarandi bókað af því tilefni:

Bæjarráð ítrekar erindi sveitarfélagsins til fjárlaganefndar sem lagt var fram á fundi nefndarinnar í september 2004 varðandi samgöngumál. Þar kemur fram að áhersla er lögð á að ný brú yfir Hornafjarðarfljót sé mesta samgöngubótin innan héraðsins. Sú framkvæmd stytir vegalengdir innan sveitarfélagsins verulega og auðveldar öllum íbúum sveitarfélagsins að njóta þjónustu og sækja atvinnu í sveitarfélaginu öllu. Undirstrika skal að ný brú yfir Hornafjarðarfljót er einnig mikil samgöngubót á þjóðvegi 1 og auðveldar verulega bæði fólksbíla og þungabíla umferð um svæðið. Í erindinu er einnig lögð áhersla á að fækka einbreiðum brúm í sveitarfélaginu og tryggja öruggar flugsamgöngur frá Hornafirði til Reykjavíkur.

Ennfremur ítrekar bæjarráð bókun sem samþykkt var á 84. fundi bæjarstjórnar dags. 7. apríl 2005 þar sem frestun á framkvæmdum við Hornafjarðarfljót er mótmælt. Jafnframt, vegna breytts umhverfis í flugsamgöngum þar sem m.a. er verið að nota aðrar flugvélategundir í áætlunarflugi en áður, er þörf á að endurbyggja þverbrautina þannig að aukið öryggi færist bæði í áætlunar- og sjúkraflug.“

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

*Ólafía I. Gísladóttir*  
Ólafía I. Gísladóttir,  
ritari



Meðf.

Afrit fá: Þingmenn Suðurkjördæmis.